

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012,
hesthúsahverfi á Laugarvatni, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. júní 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði og tvö verslunar- og þjónustusvæði á Laugarvatni falla brott. Ópið svæði til sérstakra nota stækkar að sama skapi um tæpa 6 ha á fyrirhuguðu hesthúsasvæði. Jafnframt færast göngustígur til vesturs að hluta og norður fyrir blandað verslunar- og þjónustusvæði og svæði undir þjónustustofnanir.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 10. júní 2010.

F. h. r.
Sigríður Auður Arnardóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.